



Sumartónleikar í Akureyrarkirkju, sunnudaginn 14. júlí leikur Peter Maté verk eftir Rachmaninoff, Liszt, Beethoven og Þorkel Sigurbjörnsson. Peter Maté er af ungversku bergi brotinn en hann var fæddur í Rožňava í Tékkóslóvakíu. Hann stundaði píanónám frá ungum aldri en lauk einleikara- og kennaramastersgráðu úr Tónlistarakademíunni í Prag. Peter hefur verið búsettur á Íslandi frá árinu 1990 og kennir nú við Listaháskóla Íslands og Tónlistarskólann í Reykjavík. Hann hefur haldið einleikstónleika, leikið einleik með ýmsum símfóníu-hljómsveitum og tekið þátt í kammertónleikum (Trío Reykjavíkur, Kammertrío Kópavogs) víða í Evrópu og Bandaríkjunum. Í febrúar 2012 frumflutti Peter á Akureyri píanókonsernt Jóns Ásgeirssonar ásamt Símfóníuhljómsveit

Norðurlands.